

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 18/98  
frá 6. mars 1998**

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn  
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/97 frá 12. desember 1997<sup>(1)</sup>.

Rétt er að breyta bókun 31 við samninginn til að bæta gagnkvæma aðstoð á Evrópska efnahagssvæðinu komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar og efla samvinnu á sviði almannavarna.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi tvær málsgreinar bætist við í 10. gr. (Almannavarnir) í bókun 31 við samninginn:

- „ 3. Samningsaðilarnir skulu leitast við að efla samvinnu til að bæta gagnkvæma aðstoð á Evrópska efnahagssvæðinu komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar innan ramma starfsemi bandalagsins sem gæti leitt af eftirfarandi gerð bandalagsins:
- **491 Y 0727(01)**: Ályktun ráðsins 91/C 198/01 og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, frá 8. júlí 1991 um að bæta

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 107.

gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar (Stjtið. EB nr. C 198, 27. 7. 1991, bls. 1).

4. Samningsaðilarnir skulu einkum leitast við að efla samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem gæti leitt af eftirfarandi gerð bandalagsins:
- **494 Y 1110(01):** Ályktun ráðsins 94/C 313/01 og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, frá 31. október 1994 um að efla samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna (Stjtið. EB nr. C 313, 10. 11. 1994, bls. 1).“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbato

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner